

## Konur á Austurlandi stofna tengslanet til að styrkja hagsmuni sína Leiða saman reynslu, þekkingu og skoðanir



T.A.K., Tengslanet austfirskra kvenna, verður stofnað formlega á Hótel Héraði, Egilsstöðum, kl. 18 í dag.

"Í upphafi hóaði Þróunarfélag Austurlands nokkrum konum saman til að kanna hvað hægt væri að gera fyrir konur á Austurlandi" segir Katla Steinsson, talsmaður T.A.K. og framkvæmdastjóri

Markaðsstofu Austurlands. "Til fundarins mættu tíu konur úr ýmsum geirum samfélagsins og á óformlegum nótum kom hver þeirra með sýn á hvað nýst gæti konum almennt í fjórðungnum. Út úr því kom m.a. að konur mættu vera duglegri við að taka að sér ábyrgðarstöður í samfélaginu, koma sér á framfæri, taka forystu í stjórnámálum og félagsstarfi og taka þátt í atvinnulífinu. Þá kom fram að konur þyrftu að vera sýnilegri í samfélaginu, gefa kost á sér í stjórnir, bæta þyrfti stöðu kvenna á atvinnumarkaði og aðgengi að verkefnatengdum styrkjum. Í kringum þetta þróuðust hugmyndir um að koma af stað námskeiðum, fundum og ráðstefnum sem gætu gagnast konum. Þá var spurt hvernig næðist til kvenna og hópurinn var á því að stofna tengslanet á faglegan hátt. Fljótlega var ekki einvörðungu horft til kvenna í atvinnulífinu, heldur þess að samtökin skyldu ná til allra kvenna á Austurlandi."

### Netsamskipti lykilatriði

Katla segir að þegar sé búið að sækja um veffang og netfang og verið sé að leita tilboða í vefsíðu. "Hún á að vera öflug með góðum gagnagrunni um konur, spjallvef og upplýsingagjöf ýmiss konar."

Reiknað er með að konur í samtökunum geti flokkað sig eftir áhugasviðum og/eða viðfangsefnum og skapað þannig nánari tengsl. Þá er ætlunin að vefurinn sé markaðstæki í þá veru að utanaðkomandi aðilar geti leitað þar eftir t.d. konum með sérþekkingu eða til stjórnarsetu, svo eitthvað sé nefnt. T.A.K. ætlar beita sér fyrir áhugaverðum ráðstefnum, fyrirlestrum og námskeiðum sem nýst geta konum á Austurlandi til menntunar og upplýsinga. "Samtökin vilja stuðla að námskeiðum eins og t.d. Mætti kvenna, sem Viðskiptaháskólinn á Bifröst hefur nú auglýst hér á Austurlandi og snýst um fyrirtækjarekstur og hagnýta þekkingu á fjármálaumhverfi," heldur Katla áfram. "Hugsa má sér stjórnálmánámskeið, fjölmiðlanámskeið, ræðunámskeið, sjálfsefli og alls kyns þjálfun."

Stefnt er að reglulegu fundahaldi yfir vetrarmánuðina, bæði á vettvangi og í fjarfundaverum, en meginþungi samskipta á að vera á netinu og verður slóðin [www.tengslanet.is](http://www.tengslanet.is)."

"Tengslanet skiptir miklu máli í daglegu lífi, fólk kemst ekkert áfram nema eiga góða að. Sé maður nýliði einhvers staðar, svo dæmi sé tekið, er mikilvægt að hafa aðgang að fólki með þekkingu og reynslu og geta leitað eftir ráðgjöf og stuðningi. Konur á hvaða vettvangi sem er geta nýtt sér T.A.K. og ég geri ráð fyrir að konur almennt fylgist með samfélaginu og því sem er að gerast. Þetta er tækifæri til að vera í samskiptum við aðrar konur og nýta sér tækifæri sem bjóðast. T.A.K. er ætlað að leiða konur með mismunandi reynslu, þekkingu og skoðanir saman og koma á samstarfi þeirra á milli."

Katla býst við fjölmönnum stofnfundi og að í framhaldinu taki ný stjórn til við að koma vefnum í gagnið, fá fleiri konur til þátttöku með markvissum kynningum úti í sveitarfélögunum, vinna með Fræðsluneti Austurlands að námskeiðahaldi og fá upplýsingar hjá konum um hvað þær vilji varðandi námskeiða- og ráðstefnuhald. "Þetta á eftir að taka sinn tíma að þróast og við ætlum að líta á T.A.K. sem átaksverkefni til þriggja ára, taka stöðuna að þeim tíma loknum og sjá hvað hefur áunnist. Við getum horft til verkefnis eins og Auðs í krafti kvenna, sem skilaði af sér mörgum nýjum fyrirtækjum og kraftmiklum konum, sem tóku þar þátt og halda enn tengslum í dag. Ég hef trú á að T.A.K. verði öflugur samstarfsvettvangur kvenna á Austurlandi og hlakka til að starfa með þeim" segir Katla Steinsson.